

Minnisblað

Til: Hafnarstjórnar
Frá: Hálfðáni Bjarka Hálfðánssyni
Dags. 4. október 2018
Mnr. 2012110034



ÍSAFJARÐARBÆR

Endurskoðun erindisbréfs hafnarstjórnar.docx

Að beiðni hafnarstjóra og hafnarstjórnar hefur undirritaður gert drög að nýju erindisbréfi fyrir stjórnina. Ekki var vanþörf á þar sem gildandi erindisbréf er frá 1996 og komið verulega til ára sinna.

Meðfylgjandi eru gildandi erindisbréf frá 1996 og drög að nýju erindisbréfi. Hér kemur yfirlit yfir þær breytingar sem gerðar hafa verið í drögunum og ein ábending varðandi ákvæði um fundartíma:

Skipan nefndarinnar:

- Aðal- og varafulltrúar verða fimm í stað sjö
- Tekin af möguleg tvímæli um að nefndin geti valið sér ritara utan eigin raða

Hlutverk:

- Engar breytingar

Starfshættir:

- Uppfærð tilvísun í bæjarmálasamþykkt
- Breytingar í þriðju málsgrein sem varða með hvaða hætti fundargerð er komið til fundarmanna og bæjarstjórnar

Eftirfylgni:

- Engar breytingar

Réttindi og skyldur fulltrúa:

- Breytingar á fimmtu málsgrein varðandi þagnarskyldu. Þar kom fram að 2/3 hlutar nefndarmanna gætu samþykkt trúnað á einstaka málum, en ég finn enga stoð fyrir slíku í upplýsingalögum

Lög og reglugerðir:

- Engar breytingar

Athugið:

Taka þarf afstöðu til ákvæðis um fundartíma í annarri málsgrein kaflans um starfshætti. Í erindisbréfinu er kveðið á um að funda skuli að lágmarki einu sinni í mánuði, en í raun hefur verið fundað talsvert sjaldnar en það undanfarin ár.

Með bestu kveðjur,
Hálfðán Bjarki Hálfðánsson, upplýsingafulltrúi Ísafjarðarbæjar-